

## REGLUGERÐ

### um bann við kolmunnaveiðum austan Þórsbanka.

1. gr.

Frá og með 8. júlí 2005, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar austan Þórsbanka á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 37'00 N – 09° 50'00 V
2. 64° 04'00 N – 09° 50'00 V
3. 64° 04'00 N – 10° 20'00 V
4. 64° 37'00 N – 10° 20'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 2005.*

F. h. r.

**Þórður Eyþórsson.**

---

*Steinar I. Matthíasson.*